

Kristján Hjálmarsson er fertugur í dag

Í góðu yfirlæti hjá Færeyingum

Kristján Hjálmarsson er viðskipta- og almannatengsla- stjóri hjá H:N Markaðs- samskiptum, en hann var áður fréttastjóri á Fréttablaðinu. „Ég var þar í 14 ár og var alinn upp við fordóma í garð auglýsingamarkaðarins og þeirra sem störfuðu þar. Eftir að ég skipti um vinnu fyrir um einu og hálfu ári komst ég að því að þetta eru ekki svo ólík störf – skapandi heimar með skemmtilega klikkuðu fólki. Fólkið sem ég vinn með hjá H:N er í það minnsta alveg ótrúlega skemmtilegt. Það vill svo heppilega til að stofan er í Bankastrætinu, einu elsta steinhúsi borgarinnar.



„Mad Man“ Kristján Hjálmarsson.

Mér finnst alveg magnað að hafa miðbæinn beint í æð alla daga. Það getur að vísu verið svolítið erfitt fyrir forvitinn mann eins og mig því ég stend kannski oftar en hollt getur talist við gluggann og fylgist með mannlífinu.“

Kristján var að koma úr afmælisferð til Færeyja. „Pabbi gamli, Hjálmar Árnason, er einn fjórði Færeyingur og var þar oft á sumrin. Við bræðurnir höfðum aldrei komið þangað og skelltum okkur því með pabba um helgina. Vorum frá föstudegi til mánudags og dvöldum í góðu yfirlæti hjá Waag-ættinni í Klakksvík en hún á og rekur Föroyja-hjórverksmiðjurnar. Við vorum svo heppnir að fá að kynna ættingjum okkar þar, upplifa gullbrúðkaupveislu og jólafrókost hjá starfsfólki hjórverksmiðjunnar. Við fengum góða innsýn í hvernig Færeyingar skemmta sér og smökkuðum rast-sípu sem er eins og baunasípa nema með úldnu kjöti. Þessi ferð okkar feðga var með þeim skemmtilegri sem ég hef farið í.“

Kristján er ekki viss hvort hann ætli að halda veislu í tilefni afmælisins. „Næstu dagar eru bókaðir í veislur hjá jafnöldrum mínum og svo er jólahlaðborð hjá vinnunni þannig að ef ég slæ upp stórri veislu verður það ekki fyrir en í janúar.“

Eiginkona Kristjáns er Vera Einarsdóttir, blaðamaður á Fréttablaðinu. Sonur þeirra er Einar Steinn 13 ára en dóttir Kristjáns er Þórhildur 20 ára.

Íslandar Kjartan Gunnar Kjartansson, Pétur Atli Lárusson islandar@mbl.is
Ábendingar um brúðkaup, afmæli, barnsfæðingar og önnur tímamót í lífi fólks má senda á netfangið islandar@mbl.is. Einnig geta þeir, sem óska eftir því að nafn þeirra birtist ekki í þessum dálkum, sent beiðni þar að lútandi á sama netfang.

• Unnið í samvinnu við viðmælendur.

Einar Clausen söngvari – 50 ára



Fjölskyldan Einar og Guðrún með börnunum, Láru Ruth, Elvari Smára og Bjarti, sem öll bera ættarnafnið Clausen.

Söngvari af söngvaraætt

Einar fæddist í Reykjavík 3.12. 1965 og ólst upp í Árbænum: „Ég á góðar minningar úr því góða hverfi sem þá var nýbyggð. Við skautuðum á Rauðavatni á kyrrum vetrarkvöldum, óðum og busluðum í Elliðaánum í sólinni á sumrin og tíndum ber upp í Skáladal og á Hólmsheiðinni á haustin. Parna var gott að alast upp og stutt út í ósnortna náttúruna í flestar áttir.

Ég var í Árbæjarskólanum sem var ekkert verri en aðrir barnaskólar en mér var margt betur gefið en að sitja stilltur á skólabeck lungann úr deginum.“

Einar æfði og keppti í knattspyrnu með yngri flokkum Fylkis og en missti áhugann um það leyti sem það stóð til að senda hann í drengjalandsliðið.

Einar lauk grunnskólaprófi úr Árbæjarskóla, stundaði nám við Menntaskólann við Sund og lauk þaðan stúdentsprófi 1986. Hann gerði stuttan stans í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands í eitt ár en fór síðan að vinna. Á námsárunum starfaði Einar á sumrin hjá Íþróttavöllum



Út í vorið Karlakvartettinn með Signýju Sæmundsdóttur og Bjarna Þór Jónatanssyni píanóleikara. Myndin var tekin á því herrans ári 2000.

Reykjavíkurborgar: „Ég fór þá vítt og breitt um bæinn og sló alla keppnisvelli knattspyrnufélaganna. Eftir að þessu skemmtilega starfi lauk var ég tvisvar fenginn til að mynda rendur í vellina sem gert er með þar til gerðum valtaru. Ég hefði því geta orðið úrvals knattspyrnuvallasérfræðingur

ef ég hefði lagt það fyrir mig.“
Einar lauk meiraprófi 1986 og rútuþrófi 1987 og hefur verið viðlöndandi akstur allar götur síðan. Hann vann á vörubíl hjá Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar við snjómokstur, vélaflutninga og malbikum 1987-98 og hefur ekið hópferðarbílum hjá

Plasmaskurðvélar

Öruggur og nákvæmur skurður

Hypertherm®
Cut with confidence®

Fullkominn skurður með Hypertherm málmurkurðvél

JAK ehf

Dalshrauni 14 • 220 Hafnarfjörður • Sími 555 2035 • jak.is

Nýr borgari



Reykjavík Þorsteinn Dreki Friðriksson fæddist 11. nóvember 2014, kl. 21.16. Hann vó 3.244 g og var 49 cm langur. Foreldrar hans eru Ásthildur Þorsteinsdóttir og Friðrik Þór Friðriksson.

Börn og brúðhjón

Á opnunni „Íslandar“ í Morgunblaðinu er sagt frá merkjum viðburðum í lífi fólks, svo sem stórafmælum, hjónavígslum, barnsfæðingum og öðrum tímamótum.




Allir þeir sem senda blaðinu mynd af nýjum borgara eða mynd af brúðhjónum fá fría áskrift að Morgunblaðinu í einn mánuð.

Hægt er að senda mynd og texta af slóðinni mbl.is/islandar eða á islandar@mbl.is

Morgunblaðið

Úr frændgarði Einars Clausen



SBA – Norðurleið frá þeim tíma. Hann var búsettur á Akureyri 1998-2002 en býr nú í Kópavogi. Auk þess hefur hann stundað leiðsögn fyrir ferðamenn með hléum. Einar var trommuleikari í skólahljómsveitum á unglingsárunum og hefur sungið einsöng við ýmis telfni, svo sem við jarðarfirir, í brúðkaupum, á tónleikum og í veislum af ýmsu tagi, en söngurinn er nú hans megin starf. Hann söng einsöng með Sinfóníuhljómsveit Íslands við góðar undirtekjur í Carmina Burana árið 2013. Einar hefur sungið með karlar-kvartettinum Út í vorið sl. 21 ár og

syngur að staðaldrí með karlakórnum Voces Masculorum. Hann hefur sungið inn á fjölda diska, með hinum ýmsum tónlistarmönnum, nú síðast með æskuvini sínum, Helga Þór Ingasyni, verkfræðingi og tónlistarmanni. Sá diskur nefnist Gamla hverfið og er einmitt tileinkaður Árbæjarhverfinu. Einar lumar á ýmsum áhugamálum en nefnir helst hjólríðar, skíði, tónlist, almenna útiveru og er auk þess með bíladellu: „Ég hef nýtt hjól sem samgöngutæki meira og minna sl. 15 ár og fékk Umhverfissvið-urkenningu Kópavogsbæjar fyrir



Hjólríðamaðurinn Einar á hjólinu.

framlag til umhverfis og samfélags árið 2011.

Fjölskylda

Eiginkona Einars er Guðrún Lárusdóttir, f. 26.12. 1970, líffræðingur og endurmenntunarstjóri hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Foreldrar hennar eru Lárus Ingólfsson, f. 26.7. 1948, framhaldsskólakennari, og Ruth Jóhannsdóttir, f. 13.2. 1949, starfsmaður hjá tryggingafélaginu VÍS. Þau eru búsett í Kópavogi. Börn Einars og Guðrúnar eru Lára Ruth Clausen, f. 21.8. 2003, og Bjartur Clausen, f. 28.11. 2006. Sonur Einars frá því áður er Elvar Smári Clausen, f. 11.7. 1998, nemi við Menntaskólann í Kópavogi. Systur Einars eru Svanbjörg Clausen, f. 6.4. 1947, leikskólalíði í Reykjavík en maður hennar var Sverrir Karlsson sendibílstjóri sem lést 2011; Guðrún Olga Clausen, f. 1.6. 1950, grunnskólakennari í Hveragerði en maður hennar er Guðmundur Benediktsson, tónlistarmaður; Elín Auður Clausen, f. 1.3. 1956, búsett í Hollandi, og Kristbjörg Clausen, f. 28.10. 1960, bókasafnsfræðingur, nótnavörður hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og söngkona í Reykjavík en maður hennar er Ragnar Ómarsson, byggingatæknifræðingur. Foreldrar Einars: Holger Peter Clausen, f. 13.8. 1923, d. 27.12. 1998, birgðavörður í Reykjavík, og k.h., Guðrún Sigríður Einarsdóttir Clausen, f. 28.10. 1927, húsfreyja og fyrrv. póstmaður í Reykjavík.

Til hamingju með daginn



Kolbrún Gísladóttir

30 ára Kolbrún ólst upp á Alftanesi, býr í Kópavogi, lauk B.Ed-prófi frá HÍ, stundar M.Ed-nám og er grunnskólakennari. **Maki:** Pétur B. Pétursson, f. 1979, lögfræðingur. **Sonur:** Hrafnkell Hersir, f. 2014. **Foreldrar:** Guðný Ólöf Viðarsdóttir, f. 1959, fulltrúi, og Gísli Viðar Þórisson, f. 1958, hársnyrtímeistari. Þau búa á Alftanesi.

Sigurður Elvar Viðarsson

40 ára Sigurður ólst upp á Brakanda í Hörgárdal, hefur búið þar alla tíð, er nú bóndi á Brakanda og leikur með áhugaleik-húsum. **Systkini:** Sigrún Alda, f. 1977; Sara Hrönn, f. 1984, og Sesar Þór, f. 1986, d. 2006. **Foreldrar:** Viðar Þorsteinsson, f. 1952, og Elínros Sveinbjörnsdóttir, f. 1953. Þau eru bændur á Brakanda.

Marta Halldórsdóttir

40 ára Marta ólst upp í Reykjavík, býr þar og er skrifstofumaður hjá ÁTVR. **Maki:** Tryggvi Örn Vals-son, f. 1974, húsasmiður. **Börn:** Raket Ýr, f. 1996; María Rán, f. 2001, Ísar Valur, f. 2005, og Viktor Jökull, f. 2008. **Foreldrar:** Halldór Svav-ansson, f. 1952, versl-unarmaður, og Vilborg Marteinsdóttir, f. 1956, d. 2015, leikskólakennari.

95 ára Sverrir Bergmann

Stefanía Vigfúsdóttir Steinunn Pétursdóttir

Sigríður Sigurðardóttir Sólveig Davídsdóttir Vésteinn Aðalgeirsson

85 ára Anna Þóra Thoroddsen Einar Kjartansson Erla María Sveinbjörnsdóttir Sigríður Júlíusdóttir

60 ára Borghildur Gunnarsdóttir Elinborg Bjarnadóttir Freyja Ellertsdóttir Gísli Bogi Jóhannesson Kristján Þór Vilhjálmsson Rúnar Páll Björnsson Stefán Ingi Gunnarsson Svava Sigurðardóttir

40 ára Linda Björg Reynisdóttir Margrét Ólöf Sveinsdóttir Marta Halldórsdóttir Sigurður Elvar Viðarsson Sólrún Óskarsdóttir Svanberg Ingi Sturluson

80 ára Elísabet Kristinsdóttir Erna G. Sigurbaldursdóttir Hanna Elíasdóttir Sigurður Benedikt Klemenzson Stella Margrét Sigurjónsdóttir Valdimar Kjartansson

50 ára Árni Davíðsson Ásgeir Ágísson Ástrós Sverrisdóttir Eduardo Eðvarð Perez Baca Einar Clausen Elvar Þór Steinarsson Engilbert Ómar Steinsson Gísli Már Finnsson Gottskálk Guðmundsson Guðrún Björg Leósdóttir Hallgrímur Hólmsteinsson Helga Arna Guðjónsdóttir Hilmar Thors Ingibjörg B. Ingólfssdóttir Jóhannes Örn Jóhannesson María Jóhanna Sigur-ardóttir

30 ára Einar Baldvín Haraldsson Hjalti Þórhallsson Hrafnkell Gauti Sigurðarson Kolbrún Gísladóttir Mateusz Tempski Stefán Geir Reynisson Sylwester Kamil Grzeszczuk

Hægt er að senda mynd og texta af nýjum borgara eða brúðhjónum af slóðinni mbl.is/islendingar eða á netfangið islendingar@mbl.is

Doktor Erla Björnsdóttir

Erla Björnsdóttir hefur varið doktorsritgerð sína í líf- og læknavísindum við Háskóla Íslands. Ritgerðin ber heitið: Svefnleysi, þunglyndi og lífs-gæði sjúklinga með kæfisvefn (Insomnia, depression and quality of life among patients with obstructive sleep apnea). Umsjónarkennari var dr. Bryndís Benediktsdóttir, prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands, og leiðbeinandi var dr. Jón Fr. Sigurðsson, prófessor við sömu deild. Sjúklingar með kæfisvefn sofa gjarnan óvært, þjást af svefnleysi og rannsóknir benda til aukinnar tíðni þunglyndis meðal þeirra. Megintilgangur þessarar rannsóknar var að kanna svefnleysi, þunglyndi og lífs-gæði sjúklinga með kæfisvefn. Í fyrsta lagi var algengi þessara þátta rann-sakað sem og tengsl þeirra við alvar-leika kæfisvefns. Í öðru lagi var skoðað hvernig þessir þættir breytast við meðferð kæfisvefns og að lokum hvort þessir þættir hafi áhrif á meðferðar-heldni við kæfisvefni. Niðurstöður sýndu að meirihluti sjúklinga með

ómeðhöndlaðan kæfisvefn er með einkenni svefn-leysis, lífsgæði þeirra eru slök og um fimmtingur þeirra er með þunglyndi. Það að eiga erfitt með að sofa á kvöldin og að vakna of snemma á morgnana lagast ekki þó svo að kæfisvefn sé vel meðhöndlaður og þessi einkenni svefnleysis hafa neikvæð áhrif á meðferðarheldni. Að vakna oft á nóttunni lagast hjá þeim sjúklingum sem nota svefnöndunartæki sem virðist þannig einkenni ómeðhöndlaðs kæfisvefns frekar en raunverulegt svefnleysi. Þeir sem nota svefnöndunartæki auka lífs-gæði sín ekki meira en þeir sem hætta notkun svefnöndunartækis. Kæfisvefn hefur margvíslega fylgikvilla, eins og svefnleysi og þunglyndi, sem hafa neikvæð áhrif á lífsgæði sjúklinga. Þessa þætti þarf að taka til greina og meðhöndla frekar þegar þörf er á.



Erla Björnsdóttir fæddist árið 1982. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 2003 og BS-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 2007. Erla lauk cand. psych.-prófi frá Háskólanum í Árósum 2009 og innritaðist í doktorsnám við Læknadeild Háskóla Íslands árið 2010. Hún starfar í dag sem sálfræðingur hjá Sálfræðiráðgjöfinni ásamt því að sinna rannsóknum sem nýdoktor á Landspítalanum. Einnig rekur hún sitt eigið fyrirtæki, www.betrivesfn.is. Erla er gift Hálfdani Steinþórssyni, framkvæmdastjóra GOMobile, og saman eiga þau fjóra syni, Steinþór Snæ, Björn Diljan, Frosta og Bjart. Foreldrar Erlu eru Björn Magnússon lungnalæknir og Anna Sigurveig Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur.



Ný stærri og glæsilegri verslun



Hunda- og kattafóður á frábæru verði



Erum í sama húsi en höfum flutt okkur um nokkur verslunarbil
Kauptúni 3 | Garðabæ | Sími: 564 3364 | fisko.is

